# AKTA

# Lausafjársjóður

## Lausafjárstýring

30. janúar 2025



**Fannar Örn Arnarsson**
Sjóðstjóri

## Umfjöllun sjóðstjóra

Akta Lausafjársjóður veitir sjóðsfélögum aðgang að dreifðu safni innlána og styttri verðbréfa með áherslu á stöðuga ávöxtun og góðan seljanleika. Auk innlána fjárfestir sjóðurinn m.a. í styttri skuldabréfum, víxlum og skuldabréfum með breytilegum vöxtum.

Núverandi safn sjóðsins leggur áherslu á skuldabréf fjármálafyrirtækja (8,2% af eignasafni), önnur skuldabréf og víxla (39% af eignasafni), sértryggð skuldabréf (30% af eignasafni), ríkisskuldabréf (20,3% af eignasafni).

Meðallíftími sjóðsins var 1,27 ár (hámark er 2 ár). Þar af var meðallíftími skuldabréfa með breytilegum vöxtum 0,41 ár og meðallíftími annarra eigna 0,86 ár (hámark er 1 ár).

### Helstu upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Rekstrarform** | Fjárfestingarsjóður |
| **Stofndagur** | 8.9.2022 |
| **Rekstraraðili** | Akta sjóðir hf. |
| **Stærð sjóðs** | 8.867 m.kr. |
| **Áhættuflokkun** | 1 af 7 |
| **Sjóðstjóri** | Fannar Örn Arnarsson |
| **Gjaldmiðill** | ISK |
| **Lágmarkskaup** | 10.000 kr. |
| **Sölutímabil** | 9:00 - 12:00 |
| **Gengisuppreikningur** | Daglega |
| **Uppgjör** | T+1 |
| **Skráning** | Rafrænt hjá VS |
| **Auðkenni** | AKTALAUSI |
| **ISIN** | IS0000034320 |

### Þóknanir og gjöld

| | |
|---|---|
| **Innlausnargjald** | 0 kr. |
| **Afgreiðslugjald við kaup** | Skv. gjaldskrá vörsluaðila |
| **Árleg umsýsluþóknun** | 0,45% |
| **Gengismunur** | 0,0% |

### Ávöxtun

**Ávöxtun eftir mánuðum**

| | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Jan.** | - | 0,4% | 0,8% | 0,9% | 0,9% |
| **Feb.** | - | 0,3% | 0,8% | 0,6% | |
| **Mar.** | - | 0,5% | 0,9% | 0,7% | |
| **Apr.** | - | 0,6% | 0,8% | 0,8% | |
| **Maí** | - | 0,7% | 0,9% | 0,7% | |
| **Jún.** | - | 0,7% | 0,8% | 0,7% | |
| **Júl.** | - | 0,7% | 0,8% | 0,8% | |
| **Ágú.** | - | 0,9% | 0,9% | 0,5% | |
| **Sep*.** | 0,4% | 0,6% | 0,8% | 0,8% | |
| **Okt.** | 0,4% | 0,8% | 0,9% | 0,8% | |
| **Nóv.** | 0,5% | 1,0% | 0,8% | 0,6% | |
| **Des.** | 0,5% | 0,8% | 0,8% | 0,8% | |
| **Árið** | **1,7%** | **8,4%** | **10,4%** | **9,0%** | **0,9%** |

*Ávöxtun frá stofnun sjóðsins 8. september 2022

### Vægi mótaðila

| 10 stærstu mótaðilar | Vægi |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands | 20,3% |
| Landsbankinn hf. | 14,8% |
| Íslandsbanki hf. | 12,3% |
| Alma íbúðafélaghf. | 12,2% |
| Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. | 10,9% |
| Fossar fjárfestingabanki hf. | 6,6% |
| Arion banki hf. | 4,5% |
| Styrkás hf. | 4,3% |
| Hagar hf. | 3,6% |
| Síminn hf. | 2,7% |

### Eignasafn (%)




### Meðalvextir nettó




### Meðallíftími (ár)



AKTA

# Lausafjársjóður

Lausafjárstýring




Fannar Örn Arnarsson
Sjóðstjóri


## Uppsöfnuð ávöxtun frá stofnun*




| Fjárfestingarheimildir | Vægi |
|---|---|
| Innlán fjármálafyrirtækja | 0-100% |
| Skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess | 0-100% |
| Skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefnar af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf | 0-60% |
| Skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar fjármálafyrirtækja | 0-50% |
| Önnur skuldabréf, víxlar og skuldaviðurkenningar | 0-40% |
| Afleiður | 0-30% |

**Meðallíftími sjóðsins:**
Hámarks meðallíftími sjóðsins er 2 ár. Þar af er 1 árs hámarks veginn meðallíftími eigna annarra en skuldabréfa með breytilegum vöxtum. Ekki eru þó sérstök takmörk á meðallíftíma stakra fjárfestinga sjóðsins.

*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útboðslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

## Um sjóðinn

**Akta Lausafjársjóður -** Markmið sjóðsins er að skila stöðugri ávöxtun með áherslu á góðan seljanleika. Sjóðurinn leggur áherslu á innlán fjármálastofnana og styttri skuldabréf svo sem ríkisbréf og sértryggð skuldabréf.

**Stýring** - Stýringin byggir á mati sjóðsstjóra á verðlagningu á vaxtamörkuðum í samhengi við þætti eins og seljanleika, vaxtaáhættu og fjárhagslegan styrk mótaðila.

**Virk stýring** - Hentar þeim sem vilja lágar sveiflur og mikinn sveigjanleika til að eiga viðskipti með lágum tilkostnaði. Sjóðurinn hentar bæði sem hluti af dreifðu eignasafni til lengri tíma og sem skammtíma fjárfestingarkostur. Sjóðurinn er opinn öllum fjárfestum.

## Fyrirvari

**Fjárhagsleg áhætta** fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vakin er sérsök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, skuldabréfaverði eða lánshæfi útgefanda.

**Lausafjáráhætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum fjármálafyrirtækja:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

**Stjórnmálaáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvarðana og stjórnmálalegs óstöðugleika.

*Nánar er fjallað um áhættuþætti í 15. kafla útboðslýsingar sjóðsins sem nálgast má á heimasíðu Akta.*